

Ed.

694. Framhaldsnefndarállt

um frumvarp til laga um stýrimannaskóla í Reykjavík.

Háttvirt neðri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu, einkum í 2., 3. og 4. gr.

Í 2. og 3. gr. er krafist nokkuð meiri kunnáttu við prófin, bæði í enskri tungu og stærðfræði, sem hvorttveggja virðist ekkert athugavert.

En um breytinguna á 4. gr. er nokkuð öðru máli að gegna. Nefndinni þykir það efasamt, hvort rétt sé að fella burt ákvæðin um að stýri-
mannakensluforstjórinn í Khöfn tiltaki verkefni í stærðfræði og siglingafræði við meira prófið. — Vitanlega ekki af því, að hún áliti að prófin verði nokkuð lakari þótt þessum ákvæðum sé slept, heldur hinu, að hugsanlegt er, að stýri-
menn með prófi frá þessum skóla, sem er ungur og lítt þektur, gjaldi þess þá, er þeir leita sér atvinnu erlendis.

En þar sem þessi breyting mun hafa allmikið fylgi í báðum deildum þingsins og miðar auk þess í þá átt, að sækja það ekki til annara, sem til er heima fyrir, þá getur nefndin, eftir atvikum, fallist á hana og leyfir sér þar af leiðandi að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú er.

Alþingi 20. apríl 1911.

Eiríkur Briem,
formaður.

Gunnar Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.